

Mánudaginn 2. janúar 2017 kl: 1700 kom Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps saman til 1. fundar á árinu í Hreppsstofu. Mættir hreppsnefndarmennirnir Jakob, Ólafur, Arngrímur Viðar, Helgi Hlynur og Jón.

1. Að vera valkostur, áfangaskýrsla Ásta Hlín og Óttar Már mættu á fundinn og fóru yfir stöðu verkefnisins. Ráða þarf í stöðu verkefnisstjóra á næstunni.
2. Umsókn um leigu á landi frá Birni Kristjánssyni og Maríu Ásmundsdóttur. Óskað er eftir leigu á 18,75 ha. lands til ræktunar og bygginga. Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að fylgja erindinu eftir.
3. Fundargerðir:
 - a. Skólanefnd 15.12.2016. Í 4. Lið er fjallað um lóð leikskólans og úrsérgengin leiktæki, hreppsnefnd mun huga að úrbótum í samráði við skólastjóra.
 - b. Samband ísl. sveitarfélaga 16.12.2016, lögð fram til kynningar.
4. Skýrsla sveitarstjóra, endurgreiðsla vegna refa og minkaveiða 2016 er kr. 448.455.

Fundi slitið kl. 19.15

Jón Þórðarson
Ritaði